

6.

Bréf A. Lomholts
og Jákvæð viðbrögð Vísindafélagsins:

Pegar Ferðabókin var komin út sendi ég eintak til Sigurðar Bjarnasonar sendiherra og hann afhenti það Asger Lomholt skjalaverði Vísindafélagsins. Lomholt skrifaði svo Kristján Eldjárn eftirfarandi bréf:

DET KONGELIGE DANSKE
VIDENSKABERNES SELSKAB

Den 26.november 1974.

*Til Islands præsident
Hs. Excellence, dr. Kristján Eldjárn,
Reykjavík,*

Fra den herboende islandske ambassadør Sigurdur Bjarnason har jeg modtaget et eksemplar af den prægtige festudgave af Eggert Ólafssons og Bjarni Pálssons rejseskrivelse på islandsk, som er udgivet af Bókaútgáfan Örn og Örlygur HF.

Det har været mig en meget stor glæde at modtage dette fornemme værk, som er udgivet for at mindes Islands 1100 års jubilæum. En stor tilfredsstillelse er det at se den smukke gengivelse af de mange figurer, som i så mange år har henligget urørt i Det Kgl. Danske Videnskabernes Selskabs arkiv. I den nye udgave er alle disse figurer bevaret for eftertiden og vidner om gammel islandsk natur og kultur.

Jeg føler en dyb trang til at lykønske Dem som Islands præsident med udgivelsen på Island af dette værdige minde om Deres lands store fortid.

Samtidig beder jeg Dem, hr. præsident, modtage mine bedste ønsker for Dem og for en lykkelig fremtid for Island.

Med venlig hilsen

Deres

*A. Lomholt
Arkivar*

Kristján skifaði svo neðst á afrit sendibréfsins

*Ég sendi ykkur þetta ljósrít af bréfi Lomholt
í þeirri trú, að ykkur þyki það betra en ekki.*

*Að sjálfsögðu má þó ekki nota það í
auglýsingaskyni (þetta aðeins til vonar og vara).*

Vinsamlegast

K.E

*(E.S. handskriftin hér að ofan er ekki rithönd Kristjáns.
Sjá bls. 58 í Heimaslóð.)*

Á þessum árum var ég oft á ferðinni í Kaupmannahöfn og ræddi þar m.a. með Steindóri við Sigurð sendiherra. Sagði ég honum að mér fyndist að Danir ættu að gefa íslensku þjóðinni myndirnar og leitaði hjá honum ráða og aðstoðar. Sigurður varð strax hrifinn af hugmyndinni og tók að sér að færa málið í tal við forráðamenn Vísindafélagsins. Kvaðst Sigurður geta haft áhrif á veitingu íslensku Fálkaorðunnar og findist honum sjálfsagt að leggja til að tveir æðstu menn Vísindafélagsins fengju orðuna, kæmist málið í höfn. Hann bætti svo við, sem okkur var raunar kunnugt, að forystumenn Vísindafélagsins væru hinir mestu heiðursmenn, okkur velviljaðir og yfir sig hrifnir af íslensku útgáfunni.

Það var svo að samkomulagi að Sigurður skyldi reka erindið við Vísindafélagið þegar vel stæði á. Leið svo þó nokkur tími að ekkert gerðist. Ég hafði annað slagið samband við Sigurð og fylgdist með framgangi málsins. Síðan gerðist það, að Sigurður tjáði mér í síma, eða Steindóri, ég man ekki hvorum, að nú væri stjórn Vísindafélagsins búin að ákveða að gefa þjóðinni myndirnar og væri jafnframt búinn að skrifa dr. Kristjáni Eldjárn forseta og tilkynna honum um gjöfina. Ég hringdi í Kristján og spurði hvort hann hefði fengið bréf frá Vísindafélaginu, þar sem honum væri tilkynnt að það

gæfi þjóðinni frummyndirnar úr Ferðabók Eggerts og Bjarna. Kristján kvaðst ekki hafa fengið slíkt bréf og bætti því við, að þetta væri svo ótrúlegt, að hann tæki sér í munn, aldrei þessu vant, orðatiltæki úr ensku máli, og sagði síðan; „*It's too good to be true.*“

Ég fullvissaði Kristján um að þetta væri rétt og satt og bað hann að láta mig vita þegar hann fengi bréfið. Liðu svo nokkrir dagar og þá hringdi Kristján og staðfesti móttöku þess.